

Ábendingar á kynningarfundum 10., 11. og 12. október 2017 um tillögu að svæðisskipulagi Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar

Kynnt á fundi svæðisskipulagsnefndar 7. nóvember 2017

Á kynningarfundum sem haldnir voru um svæðisskipulagstillöguna í október í Búðardal, á Reykhólum og á Hólumavík, komu fram eftirfarandi ábendingar og sjónarmið, einkum með skriflegum svörum/ábendingum við framlögðum spurningum sem beint var til fundarfólks.

Ábendingar varðandi tillögu að framtíðarsýn

- Samstarf sveitarfélaganna á öllum sviðum verði aukið; rík samvinna verði á sviði skólamála, heilbrigðismála, ferðamála og samgöngumála; leitast verði við að stytta vík milli vina; boð um atburði og verkefni; sveitarfélögin sameinist að eigin frumkvæði.
- Fjölbreytni atvinnulífs aukist.
- Sagan verði nýtt betur til atvinnuuppbyggingar.

Ábendingar varðandi tillögu að svæðismarki

- Byggja á hægum gangi tímans frekar en hreinleika umhverfis; nota t.d. „við njótum tímans“ eða „njótum tímans!“; svæðið býður upp á að njóta og vera.
- Rekjanleiki til bús og barna verði dreginn fram.
- Gleyma ekki ritlist, myndlist, tónlist og sögupersónum.
- Efla þarf stolt íbúa yfir því sem við höfum.
- Umorða þyrfti kjarna svæðismarksins [kom ekki fram hvernig].
- Ekki nægjanlega skýrt og aðgengilegt.

Ábendingar varðandi tillögur að stefnu um landbúnað

- Landbúnaður geti þróast í nýjar áttir sem bændur sjá ekki endilega fyrir; í landbúnaði sé lögð áhersla á mat og vörur og stuðlað verði að fjölbreyttari búskap þannig að öll eggin séu ekki í sömu körfu, t.d. geitur, hænur, endur, holdanaut, hestar, bruggun, kornrækt, vefnaður, hönnun úr ull, skinni og dún, þelvinnsla, rekstur sveitakrár.
- Lögð verði áhersla á fullvinnslu afurða.
- Stuðla að fullvinnslu ullar í heimabyggð.
- Svæðið verði styrkt sem landbúnaðarsvæði með áherslu á mat og vöru sem framleidd er á svæðinu.
- Verndun ræktarlands er raunveruleg áskorun á alþjóðavísu.
- Stuðla ætti að búsetuskyldu á jörðum og fjölbreyttari rekstrarformum á búum.
- Styðja ætti við unga bændur.
- Vinna með matarmenningu í gegnum aldirnar, t.d. í tengslum við matarkistuna Breiðafjörð.
- Framleiða vörur sem eru sérstakar fyrir héraðið.
- Hvetja bændur til að merkja vörur með bæjarmyndum og selja í verslun í heimabyggð; hráefni/vörur frá svæðinu sérmerkt í verslunum.
- Stuðla að samvinnu bænda í að bjóða fram vörur beint frá býli.
- Stuðla að aukinni lífrænni framleiðslu.
- Sláturhús í héraði.
- Bæta umgengni á landbúnaðarsvæðum.
- Stuðlað verði að eflingu Sauðfjársetursins, þ.m.t. tengslum við rannsóknir.
- Stuðla að fleiri hátíðum tengdum sauðfjárrækt.
- Varhugavert er að takmarka aðgang fólks um beitarlönd en að sjálfsögðu hægt að setja reglur.
- Ferðatengdur landbúnaður.
- Mikilvægt að koma upp hitaveitu.
- Verkfærakistan er mikilvæg.

Ábendingar varðandi tillögur að stefnu um sjávarnytjar

- Hreinleika- og upprunavottorð.
- Vinnsla sjávarplantna til matvælaframleiðslu.
- Tryggja yfirráð sveitanna yfir botni sjávarins.
- Rekaviðarvinnsla á Hólmavík.
- Þörungaklaustur á Reykhólum.
- Gera ráð fyrir hækkandi sjávarstöðu, við skipulag mannvirkja og nýtingu.
- Rannsóknarstofu á svæðið.
- Gera framleiðslu á vörum úr sjávarnytjum sýnilegri og aðgengilegri fyrir fólk að skoða.

Ábendingar varðandi tillögur að stefnu um ferðapjónustu

- Ferðamannastraumur og ferðapjónusta aukist.
- Komið verði í veg fyrir átroðning fleira fólks en landið þolir.
- Svæðið sé „friðland ferðamanna í faðmi heimamanna“.
- Svæðið er hlið að Vestfjörðum.
- Fugla- og dýralíf verði nýtt betur í ferðapjónustu.
- Refaskoðun/-veiðar.
- Nýta sjó meira til ferðapjónustu á svæðinu; siglingar, veiði, fuglaskoðun, selaskoðun, hvalaskoðun, „beint frá bát“ líkt og „beint frá býli“, veiða og borða, sagan skoðuð frá sjó – strandveiði, sjóböð.
- Tengja saman sjó og land.
- Sýnileg hlunnindanotkun og boðin gestum.
- Afþreying til að lengja viðveru, t.d. golfvellir.
- Hvatt verði til að ferðapjónustuaðilar bjóði upp á mat framleiddan á svæðinu eða úr hráefni frá því, t.d. með lægri fasteignagjöldum; svæðisbundnir matseðlar á veitingastöðum.
- Skilgreina hverskonar ferðapjónustu við viljum ekki.
- Markviss markaðssetning fyrir svæðið, líkt og t.d. fyrir Vestfirði.
- Lúxuspjónusta í sambandi við böð, t.d. á Reykhólum, í Reykjadal og að Laugum.
- Þörunga-/þangsetur, safn/sýning um nýtingu og áhrif á samfélagið.
- Réttir og göngur, gera meira úr, t.d. með veitingasölu.
- Geta um Vínlandssetur.
- Leiðakerfið bjóði upp á hringveg um svæðin þrjú.
- Gert sé ráð fyrir göngu- og hlaupaleiðum.
- Þróa fleiri gönguleiðir, ekki endilega á milli þorpa.
- Nota heimabemu; bátar, matur, böðin, þörungar.
- Ferðapjónustan er viðbót við landbúnað.
- Heilsársatvinnugrein.

Mögulegur ávinningur af þróun leiðakerfis skv. svæðisskipulagstillögunni

- Auðveldara verður að stýra umferð ferðamanna um svæðið, markvissari uppbygging og betri upplifun ferðamanna.
- Ferðamaðurinn sækir fleiri staði / stoppar á fleiri stöðum en ella og álagið gæti dreifst.
- Meiri líkur á að ferðamenn stoppi lengur og nýti þ.a.l. þá þjónustu sem til staðar er.
- Gæti aukið umferð um svæðið.
- Eykur fjölda ferðamanna á svæðinu.
- Auðveldar að gefa samræmdar upplýsingar til ferðamanna.
- Auðveldara að vísa ókunnum leiðina, umferð helst á réttum stöðum.
- Aukin afþreying á svæðinu. Aukinn möguleiki á að skipuleggja ferðir. Auðveldara að koma upp markvissari þjónustu. Fleiri möguleikar á að vinna við ferðapjónustu. / Tækifæri fyrir ferðapjónu til að nýta sér.
- Eykur líkur á að ferðaskipuleggjendur bjóði upp á margvíslegar ferðir um svæðið.

- Hópfærðir -> atvinna fyrir bílstjóra og -> leiðsögn.
- Frábært aðdráttarafi - þarf að auglýsa / þarf góða kynningu.
- Samræmingu, auðveldari kynningu.
- Möguleika á markaðssetningu f. svæðið í heild.
- Auðveldara verður að koma þjónustu/viðburðum/upplýsingum um vöru á framfæri.
- Auðveldar markaðssetningu þematengdra, mismunandi leiða.
- Auðveldar að markaðssetja svæðið eins og Gullni hringurinn er markaðssettur.
- Eftirsóknarverðir ferðamenn sem hægt verði að selja margs konar þjónustu og vöru, t.d. göngustafi framleidda í héraðinu.
- Meiri samvinna milli sveitarfélaganna.
- Meiri samgangur íbúa á svæðinu.
- Við getum nýtt okkur þetta sjálf og gerst ferðamenn líka ...
- Uppbyggingu eða styrkir (fyrir) þá sem eru að byggja upp fyrir í ferðapjón. (orðað svona)
- Friðun svæða hefur skýran tilgang.
- Hægt að ferðast um óspillt land.
- Byggja upp áningastaðina - fallegra.
- Frábært leiðakerfi.
- Jákvæð hugmynd.
- Allir hugsa í sömu átt.
- Ef fólk fæst til að sjá möguleikana þá lifir þetta svæði frekar af.
- Skapar betri þekkingu á svæðinu.

Þessa þarf að gæta við þróun leiðanna og uppbyggingu stöðva á þeim:

- Að þær séu áhugaverðar og hættulitlar.
- Að henti öllu ferðafólki.
- Hafa samráð við hluthafandi eigendur af svæðum til að athuga með aðgengi að þeirra svæðum.
- Vinna í samvinnu við þá sem hlut eiga að máli. / Að þróa þær í sátt við þá sem eiga landið sem um á að fara og stoppa á.
- Að svæðið og áningarstaðir þoli áganginn. / Passa þarf að stöðvarnar séu undirbúnar fyrir aukinn átroðning og að fylgst sé með þróun á stöðunum.
- Mannþröng -> of margir í einu á sama stað, sbr. Gullni hringurinn, Seljalandsfoss.
- Pláss til að stoppa - margra bíla stopp. / Örugg útskot, góð bílastæði sem virka á vetrum jafnt sem sumrum.
- Gæði vega. / Einhverjir gætu haldið að hér sé þróað samgöngukerfi
- "Stöðvar" til að stoppa á. Lengd. / Ekki of langt eða of stutt á milli stöðva.
- "Nýjar" stoppistöðvar - sem ferðamenn stoppa núna - þarf að bæta inn.
- Salernisaðstaða, ástand vega, tímalengd, eitthvað nýtt á hverri stöð.
- Að þjónusta á leiðunum sé með reglulegu millibili, t.d. WC. / Nóg af salernum.
- Að upplýsingaskilti séu skýr og þar komi t.d. fram hversu langt sé á næsta stað, hvar er næsta WC, næsta verslun, o.s.frv.
- Það þarf eitthvað að vera á stöðvunum sem gefur til kynna hvar þú ert.
- Nefnd um verkefnið, t.d. Breiðafjarðarleið, þá þarf að búa til ferðabækling; hvað er að sjá - náttúra/saga. Það sama á við um hinar leiðirnar. Skilti á áningaleiðum. Ratleikur e.t.v. - Fimm fossar, tveir tindar, sjö steinar, fimm firðir; hægt að búa til ratleik.
- Hafa upplýsingar á íslensku, ekki bara á ensku.
- Stöðvarnar falli vel inn í landslagið.
- Að þær rekist ekki á aðra starfsemi, svo sem landbúnað.
- Sem mest af hringleiðum eða trússferðir/ferjubjónustu f. bíla.
- Ekki of mikinn íburð og byggingar.
- Hafa sem náttúrulegasta leið og helst notast við vörður.
- Jafnræðis.
- Tekur tíma að fólk sjái möguleikana á svæðinu.

Hvers þarf helst að gæta þegar þessari áætlun er hrint í framkvæmd?

- Að verkefnið stoppi ekki, dagi uppi.
- Að sveitarstjórnir 2018-2022 kjósi strax í þau ráð, nefndir, stýrihópa sem hér eru kynnt. Best væri að hafa í þeim fulltrúa sem hefðu komið að vinnu þessari eða áhugasama aðila auk þess að í þeim sæti 1 fulltrúi sveitarstjórnanna. Gæta þarf að samsetningu, skilgreina hversu oft á að funda, boðleiðir og verksvið hvers ráðs, nefndar, stýrihóps og tengsl innbyrðis.
- Að nefndir séu skipaðar fljótt, og reglur um eftirfylgni verði settar.
- Þegar nýtt fólk kemur inn í sveitarstjórn, að það verði upplýst hvernig þetta virkar og gengur.
- Það þarf að muna eftir að leggja mál fyrir svæðisskipulagsnefnd þegar við á.
- Starfsmaður (t.d. í hlutastarfi) sér um eftirfylgni og umsjón skipulags - væri t.d. verkefnisstjóri/samræmingaraðili ýmissa verkefna.
- Vanda skipulag með hag heildarinnar og framkvæma hratt.
- Að kerfið verði ekki of flókið og ekki of dýrt.
- Verklagsreglur?
- Að lykilmenn sitji á fleiri en einum stað, að allir hittist einu sinni á ári vegna mála sem skarast.
- Sveitarstjórnir fundi reglulega til að tryggja eftirfylgni t.d. 2x á ári.
- Nýta útsendingartækni til að hafa alla fundi opna. Styttu vegalengdir. Opnar kynningar, mikil kynning og samskipti.
- Að öll sveitarfélögin eigi áhugasama fulltrúa með fjölbreyttan bakgrunn í svæðisráði/skipulagsnefnd.
- Kynna þetta eins vel og mögulegt er, og skilgreina vel hver á að gera hvað.
- Það er til breyting á aðalskipulagi Reykhólahrepps vegna þverunar á Kjálkafirði og Mjóafirði, en það vantar inná kortið sem sýnir vegina. Nú stendur yfir breyting á aðalskipulagi vegna vegar um Gufudalssveit, vinnslutillaga í mótun.
- Að þetta verði ekki eins og önnur verkefni sem hafa verið unnin t.d. 1991 og síðar, stungið undir stól vegna þess að enginn vill leggja meiri pening í verkefnið.

Aðrar ábendingar

- Settur verði á fót sameiginlegur fjölmiðill.